

Mál nr. 302/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: V1 og V2

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Biðskylda. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 4. október 2022.
3. Bréf V2 dags. 25. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í fyrirleggjandi skýrslu Aðstoðar & öryggis segir að hinn 28. ágúst 2022 hafi orðið árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B við gatnamót Lyngbarðs og Suðurbrautar, Reykjanesbæ. Er þar haft eftir M að hún hafi ekið A eftir Suðurbraut í suðurátt og beygt til vinstri inn á Lyngbarð í þeim tilgangi að snúa bifreiðinni við. Hafi hún bakkað til baka inn á gatnamót Lyngbarðs og Suðurbrautar eftir að B hafi ekið framhjá gatnamótunum til suðurs eftir Suðurbraut. Hafi B þá verið bakkað norður eftir Suðurbraut og aftur að gatnamótunum. M segist ekki hafa séð B í aðdraganda áreksturs. Haft er eftir B að hann hafi ekið suður Suðurbraut og ætlað að beygja inn á Lyngbarð. Hann hafi áttað sig á því að hann var kominn framhjá gatnamótunum og hafi ætlað að bakka eftir Suðurbraut að gatnamótum Suðurbrautar og Lyngbarðs þegar A hafi verið bakkað frá Lyngbarði inn á gatnamótin og á B. Hann hafi ekki séð A í aðdraganda áreksturs. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem taldi ökumann A bera alla sök á árekstri aðila, þar sem henni hefði verið ekið frá Lyngbarði, en þaðan sé biðskylda, og hafi því M borið að veita allri umferð um Suðurbraut forgang. M er ósammála þeirri niðurstöðu og byggir á því í málskoti og viðbótarathugasemdum að hún hafi virt biðskyldu enda hafi enginn bíll verið þegar hún byrjaði að bakka frá biðskyldunni. Hún hafi horft í allar áttir áður en hún byrjaði að bakka frá biðskyldunni og hafi séð B aka framhjá. Eftir að hann hafi verið farinn framhjá hafi hún byrjað að baka, og það hafi ekki verið fyrr en A hafi verið komin út á götuna sem B hafi neglt niður og byrjað að bakka. M verði ekki um það kennt að B hafi byrjað að bakka á móti umferð þegar A var komin út á miðja götu. A og B hafi bakkað hvor á aðra sem hljóti að eiga að leiða til þess að sök verði skipt til helminga.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, segir að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, er lýst þeirri afstöðu að A beri alla sök á umræddum árekstri, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en af henni leiði að M hafi borið að veita allri umferð um Suðurbraut forgang er hún ók frá Lyngbarði. Jafnvel þó B hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs verði þá ekki séð að ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að sér við aksturinn, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga enda hafi honum ekki borið að gæta að umferð frá Lyngbarði.

Álit.

Í 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga segir að þegar ekið er inn á veg eða yfir veg skuli ökumaður veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Ákvæði þetta er afdráttarlaust og tekur til allrar umferðar á viðkomandi vegi, og þegar ekið er frá Lyngbarði inn á Suðurbraut er biðskyldumerki sem gefur til kynna að umferð um Suðurbraut njóti forgangs. Þrátt fyrir að aðstæður þessa máls séu nokkuð sérstakar, verður því að byggja á því að M hafi ekki gætt nægilega að framangreindum áskilnaði enda ber ökumanni við þessar aðstæður að fylgjast með allri umferð. Verður þá jafnframt að taka undir þann málflutning V2 að B hafi ekki haft tilefni til að fylgjast sérstaklega með umferð frá Lyngbarði, enda bar umferð þaðan, eins og áður segir, að veita umferð um Suðurbraut forgang. Mátti B því ekki vænta umferðar frá hlið en ákomur á bifreiðarnar sýna að vinstra afturhorn B og vinstra afturhorn A rákust saman er hinni síðarnefndu var ekið inn á gatnamótin. Ber A samkvæmt framansögðu alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir